



# Hafnarfjörður

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

b.t. Margrétar Völu Marteinsdóttur formanns fjölskylduráðs og

Kristínar Maríu Thoroddsen formanns fræðsluráðs

Hafnarfjörður 29.5.2024

Málsnúmer 2405222

## Minnisblað

Undanfarin misseri hefur átt sér stað ákall meðal ungmenna, foreldra sem og kjörinna fulltrúa um aukna þjónustu við allt ungt fólk í Hafnarfirði, fatlað jafnt sem ófatlað. Þjónusta við ungt fólk, fræðsla og stuðningur skiptir sköpum í nútímasamfélagi eins og fram kemur meðal annars í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins varðandi forvarnir og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu.

Á fundi fjölskylduráðs þann 19. mars sl. var fjölskyldu- og barnamálasviði falið að setja af stað vinnu við að greina betur hóp ungs fólks sem ekki er í vinnu, námi eða starfsþjálfun.

Stjórnvöld bera ríka lagalega- og samfélagslega ábyrgð á málefnum ungs fólks og að tryggja að þau hafi jöfn tækifæri til að vaxa og dafna, sjálfum sér og samfélaginu til heilla. Sveitarfélögin sinna mikilvægu hlutverki í því verkefni með nærþjónustu sem á að mæta mismunandi og einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins. Mikilvægt er að bregðast við brottfalli ungmenna úr framhaldsskólum með markvissum hætti. Leitast hefur verið við að mæta þeim hópi ungs fólks sem ekki er í vinnu, námi eða starfsþjálfun með ýmsum úrræðum. Í Hafnarfirði hafa Fjölskyldu- og barnamálasvið og Mennta- og lýðheilsusvið sinnt margvíslegri þjónustu við þennan hóp.

Mikilvægt er að fötluðum börnum og ungmennum standi til boða frístundastarf í takti við þjónustuparfir og óskir en einnig að brjóta niður múra milli ólíkra hópa og bjóða fatlaða sem ófatlaða velkomna í það frístundastarf sem er í boði hjá bænum. Sú starfsemi sem hefur verið til staðar, Vinaskjól, Kletturinn og kvöldstarf fatlaðra barna og ungmenna verður áfram til staðar en fær nýja staðsetningu með annarri frístundastarfsemi sem ungu fólki stendur til boða.

### Tillaga

Lagt er til að félagsstarfi fyrir ungt fólk á aldrinum 16 - 24 ára í Hafnarfirði verði breytt. Í breytingunum er lögð áhersla á að efla og útvíkka frístundastarf fyrir ungmenni í bæjarfélaginu til mikilla muna. Lagt er til að skipulagt ungmennastarf verði á tveimur stöðum í bænum til að koma til móts við íbúa í sístækkandi bæjarfélagi, annars vegar á Selhelli 7 og í Nýsköpunar- og tæknisetrinu í Menntasetrinu við Lækinn hins vegar.

Einnig er lagt til að félagsstarf fyrir ungt fólk á forræði fjölskyldu og barnamálasviðs færist yfir á mennta- og lýðheilsusvið og þá að nýjar félagsmiðstöðvar ungs fólks,- opni á báðum þessum stöðum á haustmánuðum.

Markmið með breytingunum er að búa til nýtt fjölbreytt og skapandi frístundastarf fyrir ungt fólk í Hafnarfirði með áherslu á fræðslu, þroska og farsæld. Lögð verði áhersla á að vinna enn frekar með ungu fólki og aðstoða þegar á þarf að halda þegar kemur meðal annars að starfsþjálfun, vinnu eða námsvali til að stuðla að jöfnum tækifærum allra til að vaxa og dafna. Unnið verður út frá tillögum í Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins um forvarnir og geðrækt hjá ungmennum. Þar er áhersla á að



## Hafnarfjörður

fjölga tækifærum til atvinnu- og starfsþjálfunar fyrir ungmenni og bæta aðgengi þeirra að mótun og framkvæmd nýsköpunarverkefna innan sveitarfélags.

Fjölskyldu- og barnamálasvið hefur verið með frístundastarf fyrir fötluð börn og ungmenni í Vinaskjólí og Klettinum og hefur það starf verið aðskilið frá öðru frístundastarfi til þessa. Ætlunin er að flytja þá starfsemi undir Mennta- og lýðheilsusvið með það að markmiði að minnka aðskilnað þessara hópa og þar með samræma og bæta þjónustuna.

Lagt er til að aðstaðan og starfsemin bæði á Selhelli og í Nýsköpunar- og tæknisetrinu verði þróuð með ungmennum og á þeirra forsendum. Stofnaður verði starfshópur sem hefur vinnu sína í byrjun júní og skilar tillögum fyrir haustið. Áhersla verði lögð á að tryggja að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum ungs fólks sé mætt í frístundum þeirra. Horft er til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og markmiða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

- Aðstaða og aðgengi að sálfræðingum svo sem í gegnum Bergið Headspace verður augin sem og önnur þjónusta sem styrkir ungt fólk.
- Tækifæri til fjölbreyttrar listsköpunar verði augin umtalsvert frá því sem nú er og Nýsköpunarsetrið við Lækin sinni því verkefni. Þá muni sú þjónusta sem nú er veitt í Nýsköpunar- og tæknisetrinu standa áfram til boða. Stutt verði við hugmyndir ungs fólks með leiðsögn og ráðgjöf, námskeiðum, smíðjum eða fyrirlestrum hvort sem er í nýsköpun eða nýtingu á tækjum sem Nýsköpunarsetrið býr yfir.
- Í húsnæðinu á Selhelli eru margvíslegir möguleikar fyrir hendi til að efla og þróa fjölbreytta dagskrá fyrir ungt fólk, t.d. með fræðsluerindum, tungumálakennslu og málefnum tengdum forvörnum og heilbrigðum lífsstíl. Leitast verði við að styðjast við tillögur starfshóps þar um.
- Starfsemi Músík og Mótor verður óbreytt og starfsemin heyrir áfram undir Mennta- og lýðheilsusvið.
- Starfsemi Hamarsins verður lögð niður samhliða þessari breytingu um miðjan ágúst.
- Vinaskjól og Kletturinn flytja á Selhelli og færast undir Mennta- og lýðheilsusvið en verða með óbreytta starfsemi á Suðurgötu 14 þar til aðstaða á Selhelli verður tilbúin
- Samþætt þjónusta verður á Suðurgötu 14.
- Hæfingastöðin flytur á Suðurgötu en við það skapast spennandi tækifæri til framtíðar fyrir fólk á öllum aldri, börn og fullorðna, sem þarf þjálfun eða kennslu í óhefðbundnum tjáskiptum. Um er að ræða hóp sem kemur inn í afmarkaðan tíma í nám og lærir tákni og á þá tækni sem til þarf til að nota „tungumálið“ sem það er að læra. Húsnæði að Bæjarhrauni hefur lengi verið of lítið en við flutninginn skapast góðir möguleikar á úrbóta í þeim efnum. Geitungar hafa vaxið hratt síðustu ár og nú verður tækifæri til að efla starfið enn frekar með fjölbreyttari þjónustu fyrir breiðari notendahóp. Skortur hefur verið á ýmis konar vinnu og virkni fyrir fólk með skerta starfsgetu.

*Virðingarfyllst,*

*Fanney Dórothe Halldórsdóttir  
Sviðsstjóri Mennta- og lýðheilsusviðs*

*Guðlaug Ósk Gísladóttir,  
Sviðsstjóri Fjölskyldu- og barnamálasviðs*